

# Hagnýt tól og tæki fyrir frumkvöðla

Allt á Netinu

Janúar 2014



## **Efnisyfirlit**

Inngangur .....	3
Vefsíðugerð .....	4
Forskrift vefsíðna .....	5
Netmarkaðssetning .....	6
Myndvinnsla .....	8
Gagnageymsla .....	8
Sala/Kaup.....	9
Fjármagn.....	10
Kynningar.....	11
Kannanir .....	12
Skipulag .....	13
Tíska.....	15
Grafísk hönnun .....	15
Fræðsla .....	16
Annað almennt.....	17

## Inngangur

Handbók þessari er ætlað að veita frumkvöðlum og starfandi fyrirtækjum yfirlit yfir hagnýt verkfæri sem finna má á Netinu og nýta má í rekstri við sölu- og markaðssetningu, netmarkaðssetningu, í kynningarstarfi, við vefsíðugerð og fleira. Finna má öll þau tól og tæki, sem hér eru kynnt, á Netinu. Þau eru traust og eru ýmist gjaldfrjáls eða mjög ódýr. Eflaust eru fjölmargir frumkvöðlar og fyrirtæki að nýta sér nú þegar eitt eða fleiri þeirra verkfæra, sem hér hefur að líta. Markmiðið með handbók þessari er að vera lifandi plagg fyrir þá sem eru enn að hugsa, að hefjast handa, komnir í rekstur eða hyggja á útrás. Því verður kappkostað að uppfæra handbókina reglulega eftir því sem tækninni fleytir fram og fleiri hagnýt tól koma fram sem hjálpað geta frumkvöðlum og fyrirtækjum á vegferð sinni. Allar ábendingar um viðbætur á listann eru vel þegnar.

Njótið vel!



## Vefsíðugerð

<https://www.facebook.com/>

Féskbókarsíður eru nú orðnar mjög algengar og gjarnan nýttar sem markaðstæki frumkvöðla og fyrirtækja. Mikilvægt er að halda slíkri síðu virkri til að ná sem mestri athygli. Tilvist féskbókarsíðu auðveldar frumkvöðlum og fyrirtækjum að koma skilaboðum til viðskiptavina á auðveldan og ódýran hátt. Og slík síða auðveldar viðskiptavinum að hafa samband og afla upplýsinga um t.d. starfsemina, staðsetningu, þjónustu og vefsíðu fyrirtækisins. Auk þess er féskbók góð leið til að skapa fyrirtækinu persónulegan blæ á óformlegri hátt en almenn vefsíða gerir. Einnig má kaupa auglýsingar á féskbók og reyna þar með að ná til breiðari hóps notenda.



<http://wordpress.org/>

Wordpress er vefsíða, þar sem hægt er að búa til sýna eigin vefsíðu eða blogg á mjög einfaldan hátt. Stofna má frían aðgang og opna vefsíðu með einföldum hætti. Þetta getur verið góð leið fyrir þá sem eru að hefja rekstur og eru ekki með vefforritara á sínum snærum.



<http://www.squarespace.com>

Squarespace er vefsíða sem hjálpar til við að gera faglega heimasíðu á mjög auðveldan og þægilegan hátt. Hægt er að fara í „tour“-hluta síðunnar til að sjá kynningarmyndband um þá þjónustu, sem í boði er.



SQUARESPACE

<http://www.weebly.com/>

Weebly er vefsíða, þar sem hægt er að búa til vefsíður sem geta einnig keyrt á snjallsímum og spjaldtölvum. Hér fylgja margir innbyggðir „fítusar“, sem setja má inn á vefsíður. Notendur geta ýmist nýtt sér að vera í flokki „Free“, „Starter“ eða „Pro“.

weebly

<https://www.strikingly.com>

Strikingly er vefsíða, þar sem hægt er að búa til vefsíðu, sem inniheldur aðeins eina síðu og er mjög snjallasímavæn.



<http://launchrock.co/>

Launchrock gerir fólki kleift að búa til „launching soon“-síður, þar sem talið er niður í viðburð og/eða opnun sem skapar þá ákveðna stemmningu meðal viðskiptavina. Þetta er góð leið til að kynna eða hefja kynningu á nýrri vöru eða þjónustu.

**launchrock**

<http://www.appmakr.com/>

Appmakr gerir fólki kleift að búa til app fyrir snjallsíma án þess að menn hafi forritunarreynslu. Notkun forritsins er frí og hægt er að láta appið innihalda „share“-takka, myndir, myndbönd, auglýsingar, podcast og fleira.



## Forskrift vefsíðna

<http://www.balsamiq.com/>

<https://gomockingbird.com/>

Balsamiq og Gomockingbird síðurnar innihalda verkfæri og tól til að búa til svokallað „wireframe“ eða útlitsmynd á það hvernig heimasíða gæti verið upp byggð, svo sem hvar vissar upplýsingar, hlekkir, myndir og myndbönd eru staðsett á síðunni. Gott grunnskref þegar verið er fást við hönnun fyrstu heimasíðunnar.



<http://www.justinmind.com>

Justinmind er heimasíða sem gerir fólki kleift að gera uppkast/frumgerð af snjallsíma-appi. Það kann að nýtast vel ef hugmyndin er að gera gott og þægilegt app fyrir viðskiptavini.



## Netmarkaðssetning

<http://www.google.com/think/>

Google-think-síðan hjálpar til við að skilja betur hvernig nota má auglýsingar á borð við youtube ads, hvernig koma má vefsíðum ofar á google-leitarvél og hvernig hinar ýmsu auglýsingaaðferðir eru að virka. Að auki veitir síðan ótal önnur svör og lausnir fyrir þá, sem eru í netmarkaðssetningu og auglýsingaherferðum á Netinu.



<http://www.google.com/ads/>

Google-ads-síðan veitir upplýsingar og leiðbeiningar ef áhugi er fyrir að auglýsa vörur og/eða þjónustu á google-netverkinu.

<http://www.wordtracker.com/>

<http://adwords.google.com/>

Wordtracker og Google-adwords síðurnar sýna vinsældir lykilorða í leitarvélum. Það getur nýst þeim vel sem vita ekki hvaða lykilorð þeir eiga að nota til að auka umferð um eigin vefsíðu.



<https://www.quantcast.com/>

Quantcast er síða sem hjálpar til við að sjá hversu mikil umferð fer um vefsíðu og hvers konar markhópur er að heimsækja hana. Þetta er sérstaklega gott tæki fyrir fyrirtæki, sem vilja fylgjast með umferð á síðunni á tilteknu tímabili og vilja sjá hvers konar viðskiptamannahópur er að fara inn á síðuna.



<http://www.addthis.com/>

<http://sharethis.com/>

Addthis og Sharethis eru síður sem gera fyrirtækjum kleift að bæta við svokölluðum „share“-tökkum á vefsíðurnar sínar og einnig myndrænum hlekkjum á síður fyrirtækja í mismunandi netmiðlum, svo sem á fésbók og twitter. Yfir 14 milljónir vefsíðna notast við þessa þjónustu.



<http://scribecontent.com/>

Scribecontent er hjálpartól sem er notað til að gera vefsíður sýnilegri í leitarvélum á Netinu. Með þessu er hægt að finna út hvaða orðalag er best að nota til að fá sem flestar heimsóknir inn á síðuna.



<https://www.youeye.com>

Youeye er síða sem auðveldar fyrirtækjum að ráða til sín fólk til að fara yfir vefsíður og útskýra upplifanir sínar af henni. Upplifunin er tekin upp á vefmyndavél þar sem viðkomandi útskýrir upplifun sína af síðunni.



<http://checkdog.com/?sp=1>

Checkdog er síða sem athugar hvort stafsetning texta á vefsíðu er rétt.



<http://verifyapp.com/>

Verifyapp er síða sem auðveldar þér að nálgast markhóp til að notendaprófa vefsíðu til að vera viss um að allt virki, eins og til er ætlast. Á meðan prófunin er í gangi, fást tölulegar upplýsingar um hversu margir af hvaða kyni og aldurshópi ná að framkvæma það sem þú vilt að þeir geti framkvæmt á síðunni. Sjá kynningarmyndband á forsíðu.



<https://qualaroo.com/>

Qualaroo er síða sem nýtist vel þegar menn vilja fullvissa sig um það hvort uppsetning vefsíðu sé notendavæn. Lítil könnunargluggi birtist neðst í hægra horni vefsíðunnar fyrir spurningar og svör og/eða athugasemdir frá notendum. Sjá kynningarmyndband á forsíðu.



<https://www.seevolution.com/>

Seevolution býður notendum upp á að sjá svokölluð „hitakort“ vefsíðna, en með hitakortum er átt við það efni, sem notendur eru að smella mest á.



## Myndvinnsla

<http://evernote.com/skitch/>

Evernote er app sem gerir kleift að bæta við upplýsingum inn á ljósmyndir, með það að markmiði að beina athygli fólks að sérstökum hlut á myndinni. Sjá kynningarmyndband á forsiðu.



<http://pixlr.com/>

Pixlr er hjálpartæki sem breytir ljósmyndum og gerir þær bæði faglegar og flottar í því skyni að vekja meiri eftirtekt en ella væri.



## Gagnageymsla

<https://www.dropbox.com/>

Dropbox er mjög vinsæl síða til að geyma skjöl úr tölvunni í geymsluplássi, sem er frítt á Netinu. Hægt er að geyma í dropboxi allar tegundir af skráum án þess að takmark sé sett á magn. Skrárnar eru svo aðgengilegar hvar sem er svo fremi að nettenging sé til staðar.



<https://drive.google.com>

Google drive er gagnageymsla, sem tengist gegnum gmail aðgang. Notendur geta deilt á milli sín ótal skjölum, haft samskipti sín í milli og unnið í skjölunum á sama tíma. Í drive er ritvinnsluforrit, hægt er að útbúa eyðublöð, gera kynningar og fleira.



<http://www.mediafire.com/>

Mediafire er gagnavarsla sem veitir aðgang hvar sem er í gegnum tölvu, snjallsíma eða spjaldtölvu. Hægt er að geyma hvaða skrár sem er, og er 50GB frítt geymslupláss. Einnig geta fleiri verið að vinna í sama skjali í einu, líkt og í Google drive.





<http://www.huddle.com/>

Huddle býður upp á forrit sem gerir hópastarf þægilegt þegar hópmeðlimir eru að vinna á mismunandi stöðum. Gögnin eru geymd í skýjageymslu (Cloud) og virkar fyrir fartölvur, spjaldtölvur og snjallsíma. Sjá kynningarmyndband á forsíðu.

**huddle™**

<https://uploadcare.com/>

Uploadcare síðan sér um að uppfæra, geyma og vinna gögn fyrir alls konar vefsíður eða öpp. Uploadcare getur unnið með efni frá fésbók, dropboxi, google drive, instragram auk efnis úr eigin tölvu.



## Sala/Kaup

[www.dalpay.com](http://www.dalpay.com)

Á DalPay sem er íslensk vefgátt er hægt að selja og taka á móti greiðslum á Internetinu. Umsóknarferlið er í þremur þrepum. Fyrst þarf að fylla út og senda inn umsókn. Í næsta skrefi er farið yfir umsóknina og umsækjanda úthlutaður reikningur. Í þriðja lagi setur umsækjandinn upp vörur sínar og tengla og byrjar að selja. Gjaldskrá DalPay er einföld. Aðeins er um að ræða þóknun og færslugjöld, engan uppsetningarkostnað eða mánaðarlegt gjald. Þóknun er misjöfn eftir því hvort um er að ræða erlenda gjaldmiðla eða íslenska krónu.



[www.zolon.is](http://www.zolon.is)

Zolon er íslenskt einfalt vefverslunarkerfi þar sem hægt er að opna vefverslun á örskömmum tíma. Stofnkostnaður er engin, engin skuldbinding og ókeypis tíu daga reynslutími.

[www.notando.is](http://www.notando.is)

Notando síðan er íslensk og færir notendum sínum heildarkerfi sem inniheldur m.a. fjárhagsbókhalð, birgðabókhalð og launabókhalð, allt sérsníðið að litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Auðvelt er að opna vefverslun með því að haka við vörur í birgðum sem eiga að fara á netið. Á einfaldan hátt er hægt að setja vefverslanir upp á fésbók án þess að til þurfi að koma sérstök hönnun og hægt er að gefa út reikninga í snjallsímanum. Sjá kynningarmyndband á forsíðu.

<http://karfa.is/>

Karfa er vefverslunarkerfi sem er keypt í mánaðarlegri áskrift. Kaupandinn velur þá áskriftarleið sem honum hentar og þegar gengið hefur verið frá greiðslu, fær sá hinn sami aðgang að kerfinu samstundis. Engrar uppsetningar er krafist og eru allar helstu kortagáttir þegar forritaðar í kerfið, s.s. Borgun, Valitor, Korta.is og fleiri ásamt því að hægt er að setja inn ýmsa möguleika, millifærslur og fleira með afar einföldum hætti. Kerfið er mjög notendavænt fyrir kaupendur. Þegar gengið hefur verið frá áskrift, er kaupendum úthlutað lén (t.d. nafn.karfa.is) þar sem kaupandi getur sett inn þær vörur sem hann hefur til sölu og vöruflokka, valið útlit (eða búið til sitt eigið) og nýtt alla þá möguleika sem kerfið býður upp á. Einnig gefst kaupendum kostur á að nota sitt eigið lén, t.d. www.lén.is án endurgjalds.



<https://squareup.com/>

Squareup síðan býður upp á þann möguleika að breyta snjallsímanum í posa. Þannig er hægt að bjóða viðskiptavinum upp á að greiða vöru og þjónustu með kreditkorti í gegnum snjallsímana. Tekið er 2,75% þjónustugjald af hverri færslu.



<http://www.salesforce.com>

Salesforce er vinsæl síða til að hýsa sölu, þjónustu og markaðsetningu í einu appi. Notast er við skýjageymslu á Netinu. Meðal fyrirtækja sem nýta Salesforce eru: Dell, Spotify, Síminn og margir fleiri.



<http://www.shopify.com/>

Shopify er einföld vefverslun fyrir vörur og/eða þjónustu.



<https://spreadly.com/>

Spreadly síðan gerir notendum auðvelt að selja þjónustu í áskrift sem fyrirtæki bjóða upp á.



## Fjármagn

<http://www.kickstarter.com/>

Kickstarter er síða sem býður upp á „crowdfunding“ í þeim tilgangi að fá almenning/fjárfesta til að fjármagna verkefni.



<https://chargify.com>

Chargify síðan býður fyrirtækjum upp á að setja saman þægilegt borgunar- og rukkunar kerfi fyrir vörur/þjónustu. Kerfið býður upp á margar útfærslur sem nýst geta við mismunandi tegundir peningafærslna.



<https://secure.capligned.com/>

Secure síðan hjálpar til við að halda utan um allar viðskiptafærslur sem fyrirtækið framkvæmir, eins og t.d. launagreiðslur starfsmanna. Hægt er að kynna sér hvernig kerfið virkar á kynningarmyndbandi á heimasíðunni.



## Kynningar

<http://prezi.com>

Prezi síðan getur nýst vel til að gera glærुकynningu á einfaldan og grafískan hátt. Síðan hentar þeim sem vilja koma með líflega kynningu eða fyrirlestur á sýningar/ráðstefnur eða þeim sem eru að búa til söluræður. Sjá kynningarmyndband á forsíðu.



<http://www.slideshare.net/>

Slideshare síðan nýstist vel til glærुकynninga. Síðan býður upp á stílhreinar glærुकynningar auk þess sem hún getur hýst slíkar kynningar. Dæmi um glærur eru að finna á forsíðu.



<http://www.haikudeck.com/>

Haikudeck er frír hugbúnaður sem er gerður fyrir spjaldtölvur. Hugbúnaðurinn gerir fólki kleift að búa til kynningar í spjaldtölvum á skemmtilegan og einfaldan hátt. Hægt er að skoða notkun hugbúnaðarins í kynningarmyndbandi sem er að finna á forsíðu.



<http://goanimate.com/>

Goanimate síðan nýtist vel til að gera kynningarmyndband um vöru/þjónustu með hjálp lifandi teiknimynda. Í sinni einföldustu mynd, býður kerfið upp á fría þjónustu, en vilji menn gera flóknari myndbönd er boðið upp á mánaðargjald.

**Go!**Animate

<http://linksy.me/>

Linksy býður fólki upp á að deila hlekkjum á meðal vina. Síðan sýnir svo hversu margir frá hverjum samfélagsmiðli (fésbók, twitter, linkedin og google+) hafa smeltt á viðkomandi hlekk. Kynningarmyndband er að finna á heimasíðunni.

<http://www.ideaflight.com/>

Ideaflight gerir fólki kleift að dreifa kynningargögnum rafrænt í stað pappírs svo tilheyrendur geti skoðað glærur í lpad. Þetta sparar bæði pappír og fyrirhöfn. Á meðan á fyrirlestrinum stendur, getur fyrirlesarinn stjórnað því hvaða glæru menn sjá á vissum tímavörðum, en þegar kynningunni er lokið er hægt að opna kynninguna svo hún sjáist öll.



<http://www.alumni.hbs.edu/careers/pitch/>

Alumni hjálpar fólki við að búa til svokallaða „lyftukynningu“ á vöru eða þjónustu, en í hraða samfélagsins er mjög nauðsynlegt fyrir frumkvöðla og fyrirtæki að geta kynnt nýja hugmynd á sem skemmstum tíma, til dæmis fyrir fjárfestum.

<http://www.9slides.com/>

9slides sérhæfir sig í glærुकynningu með myndbandi. Þannig er hægt að búa til powerpoint kynningu sem keyrir á myndband til hliðar. Hægt er að deila kynningunni á Netinu mjög örugglega. Sjá kynningarmyndband á forsíðu.



## Kannanir

<http://aytm.com>

Aytm hjálpar til við að gera kannanir fyrir tiltekinn markhóp. Ýmist er hægt að útbúa sína eigin könnun og nota svo síðuna til að ná til markhópsins eða hægt er að biðja síðuna um að gera könnun fyrir sig ásamt því að dreifa henni.



<http://lab42.com>

Lab42 virkar á svipaðan hátt og Aytm. Hér fær notandinn hinsvegar beint símasamband í upphafi við starfsmann Lab42 og tilkynnir honum hvert markmið könnunar eigi að vera. Starfsmaðurinn býr til könnun og ber hana svo undir notandann. Þegar könnunin hefur verið samþykkt, mun starfsmaður Lab42 sjá um að dreifa henni til viðkomandi markhóps. Nokkrum dögum seinna berast niðurstöðurnar í tölvupósti á tölulegan og grafískan hátt.



<http://www.crowdvi.be/>

Crowdvi sér um að senda út vefkannanir, líkt og Aytm og Lab42. Gott er að nota þetta kerfi þegar um stóran markhóp er að ræða. Kerfið skilar svo tölulegum niðurstöðum á grafískan hátt og greinir vel aldurshópa og kynjaskiptingu.



<http://www.surveymonkey.com/>

Surveymonkey síðan virkar líkt og Aytm, Lab42 og Crowdvi og er sérstaklega vinsæl ef notandinn er að hanna/þróa vefkönnunina sem mest sjálfur. Þjónustan er frí upp að ákveðnu marki, en hægt er að greiða gjald fyrir aukna þjónustu og meiri töluleg gögn. Sjá kynningarmyndband á forsíðu.



<http://www.poll daddy.com>

Poll daddy síðan er fyrir notendur sem vilja hanna og þróa eigin vef- eða þjónustukannanir. Boðið er upp á þrens konar aðgang. Hægt er að velja um gjaldfrjálsan aðgang og tvo aðra möguleika „Pro“ og „Corporate“ sem greitt er fyrir árgjald.

## Skipulag

<https://trello.com/>

Trello er verkfæri sem hentar vel til verkefnastjórnunar. Kerfið auðveldar allt utanumhald og skipulag i verkefnum. Í kerfinu er hægt að skipta verkþáttum niður eftir því hvar þeir eru staddir í ferlinu, t.d. „ekki byrjað“, „í vinnslu“ og „lokið“. Kerfið hentar vel til að hafa heildarsýn yfir stór verkefni.



# WorkFlowy

<http://workflowy.com>

Workflowy hjálpar notendum við að skipuleggja sig frá degi til dags. Sjá kynningarmyndband á forsíðu.

<http://www.doodle.com>

## Doodle

Doodle hjálpar til við tímastjórnun og skipulagningu og samhæfingu funda þegar verkefni krefjast samvinnu margra aðila.

<http://www.invisionapp.com/>

Invisionapp býður upp á app sem hjálpar fólki við að vinna saman að frumgerðum og öðrum verkefnum. Hópmeðlimir geta skilið eftir athugasemdir á vissum stöðum verkefnisins og unnið mörg saman að einu verkefni. Kynningaryndband um virkni appsins má sjá á síðunni.



<https://hootsuite.com/>

Hootsuite býður upp á vöktun á eigin samfélagsmiðlum, t.d. fésbók, twitter, instagram o.fl., á einum stað. Einnig má útbúa skýrslu með tölfræðilegum upplýsingum um notkun/umferð á eigin netmiðlum.



<http://www.agilezen.com>

Agilezen hefur að geyma tól fyrir skipulagningu og verkefnastjórnunum sem sem virkar líkt og Trello og verkefnum er þar skipt upp í þrjá verkflokka: „Ekki byrjað“, „Í vinnslu“ og „Lokið“. Forritið er einfalt í notkun með þægilegu viðmóti. Gagnrýni og athugasemdir viðskiptavina má finna á forsíðu.



<http://www.getharvest.com>

Getharvest sér um að halda utan um vinnutíma starfsmanna, líkt og stimpilklukka. Einnig er hægt í þessu kerfi að sjá hvernig starfsmenn verja tíma sínum og í hvaða verkefni.

<http://www.eventbrite.com.uk/home>

Eventbrite hjálpar til við skipulagningu og utanumhald stórra sem smárra viðburða, svo sem tónleika, íþróttaviðburða, veisluhalda, funda og ráðstefna. Síðan býður jafnframt upp á miðasölu á viðburði.

## Tíska

<http://www.google.com/trends/>

Google trends gefur upplýsingar um hvaða leitarorð eru vinsælust á Google frá degi til dags. Þetta er góð leið til að vera í takt við það sem er efst á baugi hverju sinni, t.d. hvað varðar umræður, tísku og tónlist.

## Grafísk hönnun

<http://logotournament.com/>

Logotournament er vefur sem býður upp á samkeppni um logó. Notandinn býr til samkeppni og setur upp tiltekin verðlaun sem í boði eru fyrir fallegasta lógóið.

<http://wp-prod.logoworks.com/>

Logoworks gerir frumkvöðlum og fyrirtækjum kleift að afla sér grafískra hönnuða sem koma með hugmyndir að lógói fyrir fyrirtækið á fyrirfram ákveðnu verði. Hægt er að velja um þrjár greiðsluleiðir eftir þjónustustigi.



<http://99designs.com>

99designs er með fjölda grafískra hönnuða á sínum snærum sem hjálpa notendum við útlitshönnun. Hönnuðirnir vinna út frá þeim upplýsingum sem þeir fá frá notendum sem síðan velja hentugustu lausnir til kaups. Sjá kynningarmyndband á forsíðu.



<http://thenounproject.com/>

Thenounproject býður upp á fjölda tákna sem hægt er að nota við sölu- og markaðssetningu vara og þjónustu.



<http://www.studiopress.com/>

Studiopress hjálpar fyrirtækjum að gera vefsíður aðgengilegar og auðvinnanlegar í vefleitum. Þemu sem síðan býður upp á, eru bæði stílhrein og snjallsímavæn.



<http://nmi.is/media/4512/AlgengLeyfi.pdf>

## Fræðsla

<http://teamtreehouse.com/>

Teamtreehouse kennir notendum að hanna eigin vefsíðu, búa til snjallsíma-app, kóðun með Ruby og PHP og fleira. Síðan er til þess fallin að auka hæfni notenda í vefsíðugerð.



<https://generalassemb.ly>

Generalassembly kann að nýtast þeim frumkvöðlum vel sem kjósa að fræðast um viss ferli í nýsköpun, til dæmis eins og markaðssetningu, lögfræðileg ferli, vöruhönnun og vefsíðugerð fyrir tölvur og snjallsíma.



<https://www.udemy.com>

Udemy hefur að geyma fjölda námskeiða, til dæmis í fögum eins og vefforritun, grafískri hönnun, snjallsímaforritun og markaðssetningu.



<http://www.codecademy.com/>

Codecademy kennir ýmis forritunarmál, t.d. Python, Javascript, HTML, PHP og fleira. Þjónustan er án endurgjalds og kann að gagnast þeim, sem eru að taka sín fyrstu skref í forritun.

*Codecademy*

<http://www.pluralsight.com>

Pluralsight býður upp á fjölda kennslumyndbanda og fyrirlestra um forrit og forritunarmál, t.d. Photoshop, C++, Javascript, Android, Visual Studio og fleira. Greiða þarf fyrir áskrift til að fá aðgang, en boðið er upp á prufuaðgang.





## Annað almennt

<http://www.mosaichub.com>

Mosaichub vísar frumkvöðlum á ýmis tól og tæki til að hefja rekstur auk þess sem hún hefur sérfræðinga á sínum snærum sem hægt er að fræðast af til að bæta eigin hæfni og efla viðskipti.



<http://www.tuneyourstartup.com/>

Tuneyourstartup er síða sem vísar frumkvöðlum á snjöll tól til að hefja rekstur á ýmsum sviðum.

<http://getstartuptools.com/>

Getstartuptools aðstoðar frumkvöðla við að koma sér upp tækjum og tólum í netheimum sem eru til þess gerð að hjálpa til við uppbyggingu viðskiptafærisins.



<http://moz.com/tools>

Moz hefur að geyma ýmis tól og tæki sem gætu nýst frumkvöðlum. Þar má m.a. finna tól til að gera vefsíður sem sýnilegastar í leitarvélum og tól til að framkalla tölulegar upplýsingar um tiltekna umfjallanir í netmiðlum.



<http://techcrunch.com/2012/08/01/what-startups-should-do-before-they-get-into-the-vcs-office/>

Techcrunch inniheldur nytsamlegt og fræðandi efni sem frumkvöðlar geta nýtt við stofnun og rekstur fyrirtækis.



<https://www.firebase.com>

Firebase er síða þar sem notendur geta búið til gagnvirkt forrit fyrir app-gögnin sín og minnir það helst á aðferðafræði „dropboxins“. Firebase sér um að hýsa öppin og veitir aðgang.



<http://startupquote.com/>

Startupquote birtir reglulega frásagnir af frumkvöðlum sem vegnað hefur vel og þeir náð að fóta sig í frumkvöðlaumhverfinu. Frásagnir þessar eru oftast en ekki í formi punkta eða tilvitnana sem aðrir frumkvöðlar geta nýtt sér við að koma sínu fyrirtæki á framfæri.



<https://www.startupcompass.co/>

Startupcompass gefur notendum aðgang að ýmsum tölulegum upplýsingum, sem sóttar eru í ýmis forrit, og viðkomandi notendur get nýtt sér, t.d. við rekstur fyrirtækja. Þetta tæki gæti nýst við gerð söluáætlana, markaðssetningu og stefnumörkun.



<http://www.quora.com>

Quora er upplýsingasíða, þar sem hægt er að leita svara við ýmsum spurningum (FAQ – Frequently Asked Questions) varðandi rekstur fyrirtækja.



<http://www.cofounda.com/>

Cofounda býður upp á app sem auðveldar fólki í sömu eða svipuðum greinum að hafa samskipti. Hægt er að afmarka leitina við sérstök starfsheiti, t.d. „vefforritari“, „lögfræðingur“ eða „frumkvöðull“. Sjá kynningarmyndband á forsíðu.



<http://www.killerstartups.com/>

Killerstartups er vefsíða sem birtir fréttir um frumkvöðla víða um heim og inniheldur einnig margvísleg ráð varðandi viðskipti, markaðssetningu og fleira sem nýst getur frumkvöðlum.



<http://business.financialpost.com/category/entrepreneur/fp-startups/>

Business financialpost er fréttasíða um frumkvöðla og frumkvöðlafyrirtæki. Þar má sjá fréttir af frumkvöðlum og fyrirtækjum víðs vegar um heim.

<http://startupstats.com/>

Startupstats er fréttaveita, sem einblínir á frumkvöðla og frumkvöðlafyrirtæki víðs vegar í heiminum.



<http://www.screenr.com/>

Screenr gerir fólki kleift að deila myndefni ásamt talsetningu á Netinu. Síðan er einföld í notkun og án endurgjalds. Sjá kynningarmyndband á síðunni.



<http://amplicate.com/>

Amplicate gerir fólki kleift að viðra skoðanir sínar og upplifanir gagnvart vörum, þjónustu eða fyrirtækjum. Þetta tól geta fyrirtæki m.a. nýtt til að móta vöru eða þjónustu og markaðssetningu á tiltekna markhópa.



<https://www.sococo.com>

Sococo býður upp á hugbúnað sem gerir fólki kleift að hafa samskipti og vinna saman í gegnum Netið. Þetta kann að henta vel fyrirtækjum sem hefur starfsfólk víða um land eða erlendis. Sjá kynningarmyndband á forsíðu.



**SOCOCO**

<https://www.interviewstreet.com>

Interviewstreet hefur á sínum snærum fjölda forritara hvaðanæva úr heiminum sem leysa ýmis forritunarverkefni fyrir fólk og fyrirtæki. Sjá kynningarmyndband á forsíðu.



<http://issuu.com/>

Issuu er hjálpleg síða við gerð veftímarits eða vefbókar. Notandinn býr til pdf-skjal og sendir inn sem síðan er breytt í tímaritsform á Netinu. Lesendur geta þannig flett síðum, líkt og um tímarit sé að ræða. Þjónustan er án endurgjalds.

